

Alþingi
Erindi nr. P 121/2002
komudagur 5.5.197



FÉLAG VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

FORENINGEN AF
ISLANDSKE ØKONOMER

THE ASSOCIATION OF
ICELANDIC ECONOMISTS

P.O BOX 5184 125 REYKJAVÍK – ICELAND

Sólveig Pétursdóttir
allsherjarnefnd Alþingis

Reykjavík, 30. apríl 1997

**Frumvarp til laga
um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.**

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga fer þess á leit við allsherjarnefnd að gerðar verði breytingar á 1. kafla, 2. gr. laganna um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu varðandi þá er undanþegnir eru prófi fyrir fasteignasala. Vill félagið að viðskiptafræðingar verði undanþegnir prófi fyrir fasteignasala eins og hæstaréttar- og héraðsdómslögmenntu eru nú. Að öðrum kosti sé jafnræðisreglu fylgt, undanþágur falli niður og allir gangist undir prófið.

Árið 1986 voru gerðar breytingar á lögum nr. 47/1938 m.a. til þrengingar á heimild manna til að fá löggildingu til fasteigna- og skipasölu. Var þá feld niður undanþága viðskiptafræðinga á því að taka próf til löggildingar. Þessu mótmælti Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga en þau mótmæli voru ekki tekin til greina.

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga bendir á að eðli fasteignaviðskipta hefur á undanförunum árum breyst mikið m.a. með tilkomu húsbrefakerfisins og fleiri fjármögnunarmöguleika sem í boði eru á markaðinum. Fasteignaviðskipti eru því flóknari nú en áður var. Viðskiptafræðingar frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands t.d. af fjármála- eða reikningshalds- og endurskoðunarsviði hljóta að vera mjög hæfir til þessara starfa þar sem þeir hafa hlotið sérhæfingu og tekið próf í ýmsum fögum sem nauðsynlegt er að kunna góð skil á í þessu starfi.

Sé það hins vegar vilji löggjafans að þeir sem starfa við fasteignasölu sýni og sanni fagkunnáttu sína, ætti það tvímælalaust að gilda um alla sem löggildingu fá til starfsins og engar undanþágur að vera veittar.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar FVH

Friðrik Jóhannsson, formaður.